

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXXIII.

1952.

Þriðjudaginn 15. janúar 1952.

Kærumálið nr. 29/1951.

Aðalbjörg, Herdís og Jakobína Jakobsdætur
gegn

Hreini Sigtryggssyni.

Krafa um endurupptöku máls.

Dómur Hæstaréttar.

Ari Kristinsson, settur sýslumaður í Þingeyjarsýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 24. nóvember f. á., sem hingað barst 6. f. m., hafa sóknaraðiljar skotið til Hæstaréttar úrskurði aukaréttar Þingeyjarsýslu, upp kveðnum 19. nóvember f. á, þar sem sóknaraðiljum var neitað um endurupptöku máls varnaraðilja á hendur þeim ásamt gagnsök þeirra í því máli. Hér fyrir dómi krefjast sóknaraðiljar þess, að gagnasöfnun verði endurupptekin í málinu og varnaraðilja verði dæmt að greiða sóknaraðiljum kærumálskostnað samkvæmt mati Hæstaréttar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja samkvæmt mati Hæstaréttar.

Svo sem segir í úrskurði héraðsdóms, hefur umboðsmaður sóknaraðilja ekki reist kröfu sína um endurupptöku málsins á þeim rökum, að nokkrar þær nauðsynjar, sem taldar eru í 9. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 4. mgr. 118. gr. sömu laga, hafi hindrað, að hann sækti eða léti sækja dómþing í málinu hinn 26. október f. á. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að sóknaraðiljar greiði in solidum varnaraðilja kr. 250.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðiljar, Aðalbjörg, Herdís og Jakobína Jakobsdætur, greiði in solidum varnaraðilja, Hreini Sigtryggssyni, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukaréttar Þingeyjarsýslu 19. nóvember 1951.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Hreinn Sigtryggsson, Brettingsstöðum, Reykdælahreppi, höfðað fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu með stefnu, útgefinni 12. september 1950, gegn eigendum jarðarinnar Brettingsstaða í Reykdælahreppi, þeim Jakobínu Jakobsdóttur, Þórgötu 17, Reykjavík, og Herdís og Aðalbjörgu Jakobsdætrum, Skúlagötu 58, Reykjavík. Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að eigendur Brettingsstaða verði dæmdir til að vera bundnir við byggingu jarðarinnar Brettingsstaða, eins og Hjálmar Jónsson byggði stefnanda jörðina f. h. þeirra á sínum tíma og sem farið hefur verið eftir þann tíma, sem stefnandi hefur haft ábúð á jörðinni, að eigendur bjóði stefnanda jörðina til kaups í samræmi við 18. gr. ábúðarlaga 19. júní 1933 og stefndu gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Stefndu hafa krafizt sýknu og málskostnaðar. Stefndu hafa og gagnstefnt Hreini Sigtryggssyni með stefnu, útgefinni 6. september s.l., og krafizt þess, að hann verði með dómi skyldaður til að verða burt af jörðinni Brettingsstöðum nú þegar og honum dæmt að greiða málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Gagnstefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í gagnsök.

Mál þetta var höfðað fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu með stefnu, útgefinni 12. september 1950, og þingfest að þingstaðnum að Breiðumýri 3. október 1950. Mættu þá bæði umboðsmaður stefnanda og umboðsmaður stefndu svo og stefnandi sjálfur. Varð það þá að samkomulagi málsaðilja að reka málið fyrir bæjarþingi Akureyrar. Var málið þó aldrei tekið fyrir þar, þar sem aðiljar höfðu gert með sér nýtt samkomulag um, að málið skyldi flutt fyrir aukarétti Þingeyjarsýslu. Var þá samkvæmt samkomulagi aðilja ákveðið að taka málið fyrir að Breiðumýri 28. júlí s.l., en aðiljar urðu þá forfallaðir. Var málið næst tekið fyrir í Húsavík 6. september s.l., og voru þá mættir bæði umboðsmaður stefnanda og umboðsmaður stefndu svo og stefnandi sjálfur. Lagði umboðsmaður stefndu þá fram greinargerð og tvö réttarskjöl svo og gagnstefnu ásamt greinargerð og útbyggingarbréf. Var þá aðalsækjanda veittur frestur til 5. október s.l. með samþykki umboðsmanns aðalstefndu. Við fyrirtekt málsins 5.

október s.l. lagði umboðsmaður aðalsækjanda fram greinargerð gagnstefnda í gagnsök svo og nokkur réttarskjöl. Fyrir aðalstefndu og sækjanda í gagnsök var og þá mættur umboðsmaður, og fékk hann frest í málinu til 26. október s.l. með samþykki umboðsmanns aðalstefnanda. Við fyrirtækt málsins hinn 26. október s.l. mætti umboðsmaður aðalstefnanda, en enginn af hálfu aðalstefndu. Var málið því þá tekið til dóms samkvæmt kröfu aðalstefnanda.

Með bréfi, dags. 2. nóvember s.l., krafðist umboðsmaður aðalstefndu þess, að mál þetta yrði tekið upp af nýju til gagnaöflunar, og heldur hann því fram, að það hafi verið munnlegt samkomulag milli sín og umboðsmanns stefnanda, síðast er umboðsmaður aðalstefndu mætti í málinu 6. september s.l., að áður en lengra yrði haldið í vitnaleiðslum, yrði gerð alvarleg tilraun til sátta í málinu með aðstoð dómars, sýslumanns Júlíusar Havsteens, og kveðst þá hafa tekið fram, að hann myndi koma norður ásamt Jakobi Gíslasyni raforkumálastjóra, sem sé fyrirsvarsmannur aðalstefndu í öllu því, er lúti að jörðinni Brettingsstöðum, til þess að freista þess að ná samkomulagi við stefnanda. Kveðst hann þá ekki hafa getað ákveðið, hvenær hægt yrði að stefna til sáttaumleitana vegna anna Jakobs Gíslasonar. Umboðsmaður stefndu segist enn fremur ekki hafa getað ákveðið fyrirtæktardag, og hafi hann því beðið dómarrann (Júl. Havsteen) að láta mæta fyrir sig til að taka frest, ef málið kæmi fyrir, áður en sáttaumleitanir færu fram. Hafi dómarrinn tekið þessu vel, enda hafi ekki verið hægt að greina annað en stefnandi hafi verið fús á að kanna til hlítar samkomulagsmöguleika. Í því þinghaldi (þ. e. 6. september s.l.) hafi verið ákveðinn tiltekinn fyrirtæktardagur og bókaður, þótt hitt væri munnlega fram tekið, að alvarleg samkomulagstilraun yrði gerð, áður en stofnað yrði til dýrrar vitnaleiðslu, hvað sem liði bókun um frest. Svo slysalega hafi þó tekizt til, að sýslumaðurinn (Júl. Havsteen) hafi ekki verið staddur á Húsavík 26. október s.l., en fulltrúi hans (Ari Kristinsson) hafi ekki fylgt það með máli þessu, að hann vissi um sáttaumleitana þá, sem ákveðin hafði verið, og heldur ekki vitað um það, að dómarrinn hafi ætlað að láta mæta fyrir sig til að taka frest. Hafi því það, að ákveðinn fyrirtæktardagur hafi verið skráður, gefið talsmanni stefnanda ástæðu til að nota sér það, að dómarrinn (Júl. Havsteen) hafi ekki sjálfur verið viðstaddur, og beita sig (þ. e. talsmann stefndu) þeim bellibrógðum að láta leggja málið í dóm.

Umboðsmaður aðalstefnanda hefur algerlega mótmælt rökum umboðsmanns aðalstefndu fyrir endurupptökubeiðninni og krafizt þess, að beiðninni verði synjað. Hann hefur og tjáð dómarrann, að þótt mætt hefði verið af hálfu aðalstefndu 26. október s.l., hefði hann neitað aðalstefndu um allan frest.

Dómarrinn lætur þess getið, að sýslumaður Júl. Havsteen hafi tjáð sér yfir símann, að í þinghaldinu 6. september s.l. hafi það orðið að samkomulagi aðilja, að reynt yrði að stofna til sáttaumleitana með aðstoð sinni og Jakobs Gíslasonar raforkumálastjóra, og hafi hann (Júl. Havsteen)

lofað umboðsmanni aðalstefndu að láta mæta fyrir hann, ef málið kæmi fyrir, áður en sáttaumleitarnir færu fram.

Þetta hefur og sýslumaður Júl. Havsteen gert, því í þinghaldinu 5. október s.l. lætur hann mann mæta fyrir umboðsmann aðalstefndu.

Er málið var tekið fyrir hinn 6. september, var mætt af beggja hálfu. Fékk aðalsækjandi þá frest til andsvara til 5. október s.l. Við fyrirtækt málsins hinn 5. október s.l. hefur dómariinn (Júlíus Havsteen) fengið mann til að mæta fyrir stefndu, eins og dómariinn samkvæmt bréfi umboðsmanns stefndu 2. nóvember s.l. hefur lofað honum. Í því réttarhaldi fá stefndu frest til 26. október s.l., en þegar málið er þá tekið fyrir, mætir enginn af þeirra hálfu. Það verður að líta svo á, að aðalstefndu hafi haft nægan tíma til sáttaumleitana, þar sem meira en ár er liðið frá útgáfudegi stefnunnar.

Umboðsmaður aðalstefndu hefur ekki haldið því fram, að hann hafi verið bundinn nokkrum þeim nauðsynjum, er í 9. gr. sbr. 4. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 greinir. Endurupptaka verður því ekki byggð á ákvæðum 118. gr. sömu laga. Endurupptaka til hagsbóta aðalverjanda verður í þessu máli ekki heldur byggð á því, að það sé ekki nægilega skýrt, með því að hann sótti ekki þing, og nauðsynjar eru hvorki sannaðar eða sennilegar gerðar.

Endurupptaka á þeim grundvelli, að málið væri eigi nægilega skýrt til hagsmuna aðalsækjanda, hefur ef til vill verið heimil samkvæmt 120. gr. téðra laga, en hún veitir aðalverjanda engan rétt til hluttöku í meðferð málsins gegn mótmælum aðalsækjanda.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, verður að synja um endurupptöku málsins.

Því úrskurðast:

Framangreint mál skal ekki endurupptekið.
